

# Stjórnunar- og verndaráætlun - Látrabjarg

Verk- og tímaáætlun

Nóvember 2021

Látrabjarg er eitt stærsta fuglabjarg Evrópu og flokkast sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Líffræðileg fjölbreytni svæðisins er mikil og er þar að finna fjölskrúðugt fuglalíf sem byggist m.a. á fjölbreyttu fæðuframboði og búsvæðum fyrir fugla. Á svæðinu er mesta sjófuglabýggð landsins þar sem meðal annars er stærsta þekkt álkubyggð í heimi. Á svæðinu verpa fjölmargar tegundir fugla, þar á meðal tegundir sem flokkast sem ábyrgðartegundir Íslendinga og eru á valista svo sem álka og lundi. Lífríki í sjó er afar fjölbreytt og mikilvægt fæðusvæði varpfugla í bjarginu. Náttúruvegur svæðisins er mjög mikil. Gróðurfar einkennist af grasmóum og klettagróðri. Þar finnst afar sjaldgæf flétta á landsvísu, bjargstrý og stefánssól sem er friðlýst planta. Við Látrabjarg er einnig að finna menningarminjar auk þess sem jarðsaga Vestfjarða speglast í bjarginu. Vestast á Látrabjargi eru Bjargtangar sem eru jafnframt vestasti oddi Íslands.

Friðlandið Látrabjarg samræmist verndarflokki IV samkvæmt flokkunarkerfi IUCN (Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna).

Við ákvörðun um friðlýsingu þessa var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979), sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeiro 1992), sbr. Stjórnartíðindi C 11/1995 og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971), sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978.

Friðlandið er 37 km<sup>2</sup> að stærð.

*Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ber Umhverfisstofnun ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði. Tillaga að slíkri áætlun skal liggja fyrir innan 12 mánaða frá gildistöku friðlýsingar.*

Í samstarfshóp um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Goðafoss sitja:

- ✓ Edda Kristín Eiríksdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Jón Pétursson, fulltrúi landeigenda
- ✓ Geir Gestsson, fulltrúi Vesturbyggðar
- ✓ Aðalheiður Pálmadóttir, fulltrúi landeigenda

## Almennt um verkefnið

Áætluninni er ætlað að fjalla um markmið verndunar svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess. Umhverfisstofnun hefur unnið stefnumótun um gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að gildistími hennar verði 10 ár og að með fylgi aðgerðaáætlun til 3 ára. Umhverfisstofnun, sveitarfélagi og landeigendum verður þó heimilt að taka ákvörðun um endurskoðun áætlunarinnar, verði þess þörf, áður en gildistíminn er liðinn. Stefnt er að því að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar verði lokið árið 2022.

Í stefnumótuninni er lögð áhersla á samráð og samstarf, að stjórnunar- og verndaráætlanir séu einfaldar og upplýsingar settar fram á auðskiljanlegan máta. Stjórnunar- og verndaráætlunin sjálf verður því ekki umfangsmikil og megin áhersla verður lögð á gildi svæðisins, markmið verndunar, aðgerðir og verndarráðstafanir en nánari upplýsingar um svæðið verða aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar, [www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is).

Stjórnunar- og verndaráætlun er alla jafna skipt í eftirfarandi kafla en er staðfærð og aðlöguð því svæði sem áætlun er unnin fyrir.

### 1. Inngangur

- 1.1. Samráð
- 1.2. Eignarhald og umsjón
- 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi
- 1.4. Verndargildi svæðisins
- 1.5. IUCN verndarflokkun (markmið verndunar)

### 2. Lýsing á svæðinu og markmið stefna og leiðir

- 2.1. Mörk svæðisins - Svæðisskipting
- 2.2. Náttúruminjar
  - Jarðminjar
  - Gróður
  - Dýralíf
- 2.3. Menningarminjar
- 2.4. Landnotkun
  - Starfsemi
  - Veiðar
  - Skógrækt, landgræðsla og endurheimt vistgerða
- 2.6. Innviðir og mannvirki
  - Aðgengi fyrir alla

2.7. Öryggismál og landvarsla

2.8. Fræðsla og kynning

2.9. Mönnuð og ómönnuð loftför

2.10. Rannsóknir og vöktun

### **3. Sérreglur**

Þá mun einnig fylgja stjórnunar- og verndaráætluninni sérstök aðgerðaáætlun til þriggja ára en í henni verða tímasett markmið og aðgerðir fyrir svæðin.

### **Umsjón með verkefninu**

Verkefnastjórn og ritstýring stjórnunar- og verndaráætlunar verður í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar, en í samstarfshópi um gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar á einnig sæti fulltrúi sveitarfélags og fulltrúar landeigenda, gert er ráð fyrir virkri aðkomu samstarfshópsins.

### **Samráð og upplýsingagjöf**

Samráð og upplýsingagjöf er lykillinn að því að sátt skapist um stjórnunar- og verndaráætlun svæðanna. Gert er ráð fyrir að helstu hagsmunaaðilar verði upplýstir um gerð áætlunarinnar og stefnt er að því að birta reglulega upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar um framgang vinnunnar. Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðin verða síðan auglýst til athugasemda fyrir almenning í sex vikur og þá gefst öllum kostur á að senda inn athugasemdir. Nánari upplýsingar um samráð má sjá í samráðsáætlun fyrir verkefnið.

## Verk- og tímaáætlun

Meginþættir verkefnisins eru:

1. Undirbúningur
2. Lýsing á svæðinu
3. Stefnumótun, markmið og aðgerðir.
4. Greining á aðgerðum
5. Kynningarferli
6. Úrvinnsla athugasemda
7. Útgáfa

### 1. áfangi: Undirbúningur.

Tími: nóvember (2021)-janúar (2022)

- Unnið að undirbúningi stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.
- Óskað eftir tilnefningum í samstarfshóp og hann skipaður.
- Samstarfshópur fundar og lagðar línur fyrir áframhaldandi vinnu.
- Samráðsaðilar tilgreindir.
- Verk- og tímaáætlun lögð fram.
- Hagsmunaaðilagreining unnin
- Bréf send til samráðsaðila sem tilgreindir eru í samráðsáætlun.
- Upplýsingar settar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

**Afurð:** Tilbúin verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun (hagsmunaaðilagreining) til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Samráðsaðilar upplýstir um að vinna við gerð áætlunarinnar sé hafin.

### 2. áfangi: Lýsing á svæðinu.

Tími: febrúar-mars 2022

- Teknar verða saman bakgrunnslýsingar fyrir svæðið.

**Afurð:** Drög að 1. og 2. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

### 3. áfangi: Stefnumótun, markmið og aðgerðir.

Tími: mars-ágúst 2022

- Opinn kynningarfundur, samráðsaðilar boðaðir. Hugmyndavinna, stefnumótun – Ef þörf.
- Unnin drög að stefnumótun áætlunarinnar. Samstarfshópurinn mun vinna áfram að stefnumótun svæðisins, setja fram markmið og aðgerðir.
- Unnin drög að kortum eftir þörfum.

**Afurð:** Kynningarfundur sem verður útfærður á síðari stigum.

Drög að 2. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

#### **4. áfangi: Greining á aðgerðum og samráðsfundur.**

*Tími: apríl-september 2022*

- Þær aðgerðir sem lagðar voru til í 2. áfanga eru greindar, þeim forgangsraðað og sett tímamörk. Drög að aðgerðaáætlun unnin.
- Drög að áætlun í yfirlestur hjá Umhverfisstofnun.
- Unnið úr athugasemdum.

**Afurð:** Drög að aðgerðaáætlun.

**Samráðsfundur:** Samráðsfundur fyrir landeigendur.

#### **5. áfangi: Kynningarferli í 6 vikur.**

*Tími: október-december 2022*

- Drög að stjórnunar- og verndaráætlun yfirfarin hjá Umhverfisstofnun.
- Drögin auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins.
- Bréf send til samráðsaðila og þeim bent á að kynningarferlið sé hafið.
- Almenni gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir.
- Kynningarferlið stendur í 6 vikur.

#### **6. áfangi: Úrvinnsla athugasemda, lokaafgreiðsla.**

*Tími: janúar 2023*

- Unnið úr þeim athugasemdum sem berast í kynningarferlinu.
- Unnin greinargerð þar sem gerð er grein fyrir athugasemdum sem bárust á kynningartíma og þeim svarað.
- Afgreiðsla stjórnunar- og verndaráætlunar hjá Umhverfisstofnun.
- Lokafrágangur á áætlun og fylgiskjölum, prófarkalestur.

**Afurð:** Lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt greinargerð.

#### **7. áfangi: Útgáfa**

*Tími: janúar 2023*

- Stjórnunar- og verndaráætlun send umhverfis- og auðlindaráðherra til undirritunar.
- Stjórnunar- og verndaráætlun gefin út og birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar og sveitarfélags.